

161

21. sept.

VI. KAFLI

Um lestagjöld.

20. gr.

Öll skip, hvort þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestagjald í hvert sinn, sem þau leggjast við festar á höfninni. Þó með þeim undantekningum, er síðar greinir.

Ef ekki er öðruvísi ákveðið, greiðist lestagjald af nettó burðarmagni skips, talið í heilum tonnum, en brotum sleppt.

21. gr.

- a. Skip, sem eru eign manna búsettra á Patreksfirði og skrásett þar og ekki eru í utanlandssiglingum, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, kr. 8.00 af hverri rúmlest, með gjalddaga 1. júlí. Séu þessi skip að einhverju leyti í utanlandssiglingum, greiði þau aukalega kr. 0.30 af hverri rúmlest, í hvert skipti, er þau koma úr utanlandssiglingu. Vélbátar undir 12 rúml. brúttó, greiði kr. 30.00 á ári, aðrir bátar kr. 20.00 með gjalddaga 1. júlí.
- b. Innlend fiskiskip greiði kr. 1.20 af hverri rúmlest í hvert skipti, er þau koma til hafnar. Eigi skulu þau þó greiða þetta oftan en tvisvar á mánuði, þótt þau komi oftan til hafnar. Lægsta gjald skal vera kr. 30.00. Bátar undir 12 rúml. brúttó greiði kr. 10.00 hvert skipti, þó ekki oftan en tvisvar í mánuði.
- c. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma (nema þau, sem undanþegin eru hafnargjaldi), skulu greiða kr. 1.20 fyrir hverja rúmlest í hvert skipti, er þau koma til hafnar. Strandferðaskip ríkisins greiði þó aðeins kr. 0.50 af hverri rúmlest.
- d. Undanþegin greiðslu lestagjalds eru: Herskip, varðskip, björgunarskip, vitaskip ríkissjóðs, skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsóknna og skip, sem leita hafnar vegna sjótjóns, er sannast í sjóprófi.
- e. Liggja skip lengur í höfninni en 14 daga, skal eiganda þess skylt að greiða lestagjald að nýju, fyrir hverja 14 daga eða brot úr þeim. Hafi skip verið tekið á land til viðgerðar, telst sá tími ekki með, sem það stóð uppi.

VII. KAFLI

Um ljósagjald.

22. gr.

Öll skip, sem koma til hafnarinnar á tímabilinu 1. ágúst til 15. maí, greiði ljósagjald þannig:

- a. Skip, sem getur um í a-lið 21. gr. greiði kr. 50.00 á ári fyrir fyrstu 30 brúttó rúmlestirnar og kr. 1.00 af hverri brúttó rúmlest þar fram yfir. Bátar undir 12 brúttó rúmlestum greiði kr. 20.00 á ári. Gjalddagi er 1. júlí.
- b. Skip, sem um getur í b-lið 21. gr., greiði ljósagjald í hvert skipti, sem þeim ber að greiða lestagjald, kr. 10.00 fyrir fyrstu 30 brúttó rúml. og kr. 0.20 fyrir hverja brúttó rúml. þar fram yfir.
- c. Öll önnur skip greiði kr. 0.20 fyrir hverja brúttó rúmlest, þó aldrei meira en kr. 120.00 í hvert skipti.

VIII. KAFLI

Bryggju- og bólvirkisgjald.

23. gr.

Hvert skip, sem leggst að bólvirki eða bryggju, hvar sem er í höfninni, eða að skipi, sem liggur við bólvirki eða bryggju, skal greiða bryggjugjald eftir stærð skipsins, talið í heilum rúmlestum, en brotum sleppt.